

SUNN
Harpa Barkardóttir

27.01.2021
2021-01-148/8.7.0

Efni: **Svar vegna fyrirspurnar um tengivirki í Bárðardal**

Engar upplýsingar sem liggja fyrir um tengivirki í Bárðardal og þar af leiðandi engar kostnaðartölur.

Virkjanir undir 10 MW að stærð eiga skv. raforkulögum rétt á að tengjast raforkukerfinu. Sú tenging er annað hvort í gegnum dreifiveitu eða flutningskerfið. Okkur er ekki kunnugt um stöðu kerfisins vegna tengingar viðkomandi aðila hjá dreifiveitu. Hægt er að leita til Rarik um frekari upplýsingar um stöðu dreifikerfis.

Ein af skyldum Landsnets er að tryggja að kostnaður vegna tengingu nýs aðila við flutningskerfið valdi ekki auknum tilkostnaði hjá þeim sem fyrir eru. Ef flutningstekjur duga ekki til að greiða upp fjárfestingu vegna framkvæmda við tengingu þá ber að krefja viðskiptavin um greiðslu á því sem upp á vantar í samræmi við ákvæði reglugerðar um framkvæmd raforkulaga og netmála Landsnets, þannig að kostnaður tengdur tengingu viðskiptavinarins lendi ekki á öðrum notendum kerfisins. Hins vegar ber öllum viðskiptavinum okkar að taka þátt í framkvæmdum í meginflutningskerfinu með því að greiða flutningsgjöld samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllst

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson